

Kirkjuþing unga fólksins 2017.

3. mál –þskj. 3.

TILLAGA

til þingsályktunar um viðbót við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar um að útrýma einnota plastmálum í safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2020.

(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2017)

Flm. Margrét Heba Atladóttir

Frsm Daníel Ágúst Gautason

Kirkjuþing unga fólksins 2017 ályktar að bætt verði við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar að einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2019. Kirkjuþing unga fólksins hvetur umhverfisnefnd Biskupsstofu að brýna fyrir söfnuðum kirkjunnar að hætta notkun einnota plastmála þegar í stað og hvetja söfnuði einnig að draga úr notkun annarra einnota umbúða með það að markmiði að útrýma notkun einnota plastmála úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið **2020**. Sjá: <http://kirkjan.is/um/stefnumal/umhverfisstefna/>

Greinargerð

Umhverfismál verða í brennidepli á landsmóti ÆSKÞ í október næstkomandi þar sem plastnotkun og almenn neysla verður til umfjöllunar. **Lagt er til að notkun einnotaglasa verði til umfjöllunar á landsmóti á þann hátt sem nær til krakkanna.**

Sameinuðu þjóðirnar hafa hrint af stað alheimsherferð gegn plastmengun heimshafanna. Eitt af markmiðum herferðarinnar er að binda enda á notkun einnota plastumbúða fyrir árið 2022. Yfirskrift herferðarinnar, Hreint haf, miðar að því meðal annars að hvetja fyrirtæki að draga úr notkun plastumbúða svo sem kostur er.

Landvernd heldur utan um herferðina hér á landi og hvetur fólk til að nota minna plast, kaupa minna og auka endurvinnslu: <http://landvernd.is/hreinsumisland>

Hægt er að kaupa fjölnota plastglös á lágu verði, sem dæmi á 275 kr. stykkið í Ikea. Sjá: <https://www.ikea.is/products/17681>. Til langstíma litið er hagstæðara að kaupa fjölnotkaglös en einnotaglös.

Við teljum að þjóðkirkjan eigi að standa í stafni þeirrar hugarfarsbreytingar sem þarf vegna notkun plasts og áhrif þess á umhverfið.